

1952 nr. 13 31. janúar**Lög um skógræktardag skólafólks**

Tóku gildi 16. febrúar 1952.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis- og auðlindaráðherra** eða **umhverfis- og auðlindaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Heimilt er skógræktarstjóra, í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra, að kveðja hvern þann ófatlaðan nemanda, pilt eða stúlku, sem nýtur ókeypisskennslu í ríkisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkisins einn dag á ári.

□ Skógræktarstjóri skipuleggur starfið og sér fyrir hæfri verkstjórn og góðri vinnuáðstöðu.

□ Verkefni séu jafnan valin innan skólahverfisins eða í nánd við skólastað.

■ 2. gr.

□ Skógræktardagurinn sé á vorin, að jafnaði áður en skól- ar hætta störfum. Skal ákveða hann með nægum fyrirvara í samráði við stjórnendur skólanna. Ber að taka tillit til stað- háttu og ákveða daginn einvörðungu með tilliti til þess, að ræktunarstarf skólafólksins geti borið sem bestan árangur.

■ 3. gr.

□ Nú þykja ekki ákjósanleg verkefni fyrir hendi á einhverj- um stað við skógræðslu, og mega þá stjórnendur skóla, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn, fela skólafólkinu verk- efni við gróðursetningu trjáplantna eða skrudjurta, til fegrun- ar á umhverfi skóla, kirkna, sjúkrahúsa, elliheimila eða ann- arra opinberra menningar- og líknarstofnana.

■ 4. gr.

□ Nánari ákvæði um tilhögun starfa og verkefna á skóg- ræktardaginn má setja með reglugerð, er skógræktarstjóri semur, í samráði við fræðslumálastjóra, og ráðherra staðfest- ir.